



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 142/44
komudagur 19.6.2013

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 19. júní 2013
2013-06/0.9

Dómstólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð), þskj.2-2. mál.

Dómstólaráð leggst ekki gegn því að ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga.

Hins vegar vill dómstólaráð vekja athygli á því, að verði dómsmál, sem lúta að ágreiningi um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga, tekin fram fyrir önnur mál sem þegar eru til meðferðar hjá dómstólunum, mun málsmeðferð þeirra síðarnefndu óhjákvæmilega dragast að óbreyttum mannafla. Við Héraðsdóm Reykjavíkur eru nú til meðferðar um það bil 60 mál af framangreindum toga og hefur dómstjóri við dómstólinn um nokkurt skeið lagt á það áherslu að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa úr þeim málum, ásamt öðrum umfangsmiklum málum sem þangað hafa borist á síðustu mánuðum, m.a. með tímabundinni fjölgun dómara. Að öðrum kosti telur hann að stefnt geti í að málsmeðferðartími lengist verulega.

F.h. dómstólaráðs,

Ólöf Fimmsdóttir
framkvæmdastjóri